



Alþýðusamband Íslands

Er atvinnuleysi að minnka og störfum að fjölga?


Eitt af meginmarkmiðum verkalýðshreyfingarinnar í tveimur undangengnum kjarasamningum hefur verið að skapa forsendur fyrir aukinni atvinnu og tekjum almenns launafólks. Andstaða og ótti við atvinnuleysi og það mikla bøl sem því fylgir hefur frá upphafi skipulagðrar verkalýðsbaráttu verið hreyfingunni í blóð borin. Það er krafa Alþýðusambandsins til allra ríkisstjórna, sem setið hafa að völdum á tímum atvinnuleysis og mikil tekjusamdráttar, að baráttan við þennan höfuðóvin eigi að hafa forgang umfram allt annað. Endurteknar deilur um flest það sem að bráðaaðgerðum í atvinnusköpun lítur, hvort sem það er um rammaáætlun, fiskveiðistjórnun, skipulag og fjármögnun samgönguverkefna, uppbygging nýs spítala, samskipti við erlenda fjárfesta sem hingað vilja koma, afstaða til einstakra virkjana- eða stóriðjuverkefna eru vitnisburður sem fylgir þessari ríkisstjórn. Það er því ekki að furða að stefnuleysi og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum hafi vakið upp reiði.

En er atvinnuleysi er að minnka og störfum að fjölga eins og fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna hafa verið iðnir við að benda á? Þeir fullyrða að fækkun atvinnulausra á skrá sýni fram á að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hafi borið mikinn árangur. Er það rétt?

Hér á landi er opinber skráning á atvinnuleysis hjá Vinnumálastofnun og er hún framkvæmd sem hluti af réttindakerfi launafólks hjá atvinnuleysistryggingasjóði. Nú kunna að vera ýmsar ástæður fyrir því að fólk skráir sig ekki atvinnulaust hjá Vinnumálastofnun, en algengast er að það sé vegna þess að það á ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Vinnumiðlunarþáttur þessa opinbera kerfis hefur verið í skötulíki undanfarin ár og er réttur fólks til þátttöku í virkum vinnumarkaðsaðgerðum að stórum hluta afmarkaður við þá sem rétt eiga á bótum og því fátt sem hvetur fólk til þess að skrá sig. Hagstofa Íslands hefur undanfarin 20 ár gert viðamiklar vinnumarkaðskannanir sem byggðar eru á evrópskum og alþjóðlegum viðmiðunum hvað varðar skilgreiningar og aðferðir. Samkvæmt þessum könnunum telst sá sem er í virkri atvinnuleit vera atvinnulaus, óháð því hvort hann á rétt á bótum eða ekki.

Annað vandamál sem upp kemur þegar fjallað er um vinnumarkaðinn og fjölda starfa eru miklar sveiflur sem eru á milli mánaða og árstíða, en verulegur munur er á þörfum atvinnulífsins eftir starfsfólki eftir því hvort um janúar eða júlí er að ræða. Því getur verið auðvelt í umræðunni að finna sér tölfræðilegar heimildir fyrir bæði mikilli fjölgun og mikilli fækkun starfa, allt eftir því hvað hentar hverju sinni. Við þessum vanda eru til góðar aðferðir til að „hreinsa“ tímaseriur með því að árstíðaleiðrétta tölurnar. Jafnframt eru til ágætar og viðurkenndar leiðir til þess að einangra svokallaða leitni í þróuninni, en það auðveldar mjög alla túlkun á því hvað er að gerast á vinnumarkaði og spá um framvindu mála.

Þessar aðferðir notar Hagstofa Íslands og birtir mánaðarlega upplýsingar um atvinnuþátttöku, fjölda starfa, atvinnuleysi o.fl. á heimasiðu sinni, www.hagstofan.is. Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda starfa á Íslandi janúar 2008 til ágúst 2012 m.v. árstíðaleiðrétt leitni á vinnumarkaði. Þar kemur fram




að störfum fækkaði umtalsvert í hruninu haustið 2008, eða úr 180 þúsund í um 167 þúsund störf. Frá þeim tíma hefur fjöldi starfandi rokkað um eitt til tvö þúsund, tók aðeins kipp upp á við sumarið 2011 en féll aftur um haustið og er nú svipaður fjöldi og í ársbyrjun 2009.

Ef lítið er á hlutfall atvinnulausra á þessu tímabili, hefur hlutfall atvinnulausra skv.

alþjóðlegri skilgreiningu Hagstofunnar verið ótrúlega stöðugt, eða öðru hvoru megin við 7% en náði hámarki veturinn 2011.

Hvað segja þessar niðurstöður okkur? Á næstu mynd má sjá breytingar á fjölda starfandi miðað við sl. 12 mánuði. Ef árangur væri að nást í fjölgun starfa ættu súlurnar kerfisbundið að vera fyrir ofan strik



en svo er því miður ekki. Þvert á móti eru þær oftast fyrir neðan strik og aldrei meira en sl. þrjá mánuði. Það segir okkur að langtíma leitni á vinnumarkaði bendir til þess að atvinnuástandið sé að versna fremur en batna og að gera megi ráð fyrir slæmu ástandi þegar líða tekur á veturinn.

Samfara þessari alvarlegu þróun á vinnumarkaði fækkar fólki á atvinnuleysisrá hjá Vinnuástandsfundun. Skýringin á því er að nú þegar fjögur ár verða liðin frá því að kreppan skall á fækkar þeim stöðugt sem rétt eiga á bótum. Fjórir árgangar ungs fólks hafa komið inn á vinnumarkaðinn frá hruni með lítinn sem engan rétt til atvinnuleysisbóta og fjöldi einstaklinga sem bjó erlendis eða var heimavinnandi hefur farið inn á vinnumarkaðinn. Að sama skapi hefur fjöldi manns horfið af vinnumarkaði (atvinnuþátttaka hefur aldrei verið lægri) eða flust búferlum til útlanda til að sjá sér og sínum farborða.

Samkvæmt þessum tölum er ljóst að störfum á Íslandi er ekki að fjölga né er að draga úr atvinnuleysi svo nokkru nemur. Það er því algerlega ótímabært að lýsa yfir einhverjum sigrum hvað þetta varðar. Það er einnig vandséð hvernig hægt er að líta á slíkt sem vitnisburð um árangursríka efnahagsstjórn – sérstaklega þegar um er að ræða ríkisstjórn sem kennir sig við jöfnuð og jafnrétti – en hitt er ljóst að ef stjórnvöld breyta ekki um kúrs í þessum málum er nokkuð ljóst hver viðbrögð kjósenda verða í vor.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ